

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands á Rúv:

7.1.2021 Kvöldfréttir

... þótt að öllu jöfnu eigi það eingöngu að vera formsatriði þegar Bandaríkjaþing staðfestir úrslit kosninga sem fóru fram með löglegum og réttmætum hætti.

31.10.2022 President of Iceland á Twitter @PresidentISL

I congratulate President elect Lula da Silva on his victory in free and fair election.

Iceland and Brazil share democratic values and have common interest to work on, ...

Katrín Jakobsdóttir á Rúv:

7.1.2021 Kvöldfréttir

... að sjá þessa merku stofnun sem er í raun og veru að fara að fullnusta niðurstöðu lýðræðislegra kosninga og á hana er ráðist að áeggjan fráfarandi forseta.

Katrín Jakobsdóttir á Twitter:

9.1.2023 „Enn og aftur verðum við vitni að árás á lýðræðið“

„Enn og aftur verðum við vitni að árás á lýðræðið og afneitun á niðurstöðum lýðræðislegra kosninga,“

Bogi Ágústsson á Rúv:

30.6.2022 Heimsmálin

... og þar hefur farið mikinn Liz Cheney sem var einn af helstu leiðtogum repúblikana en flokkurinn hefur eiginlega snúið baki við henni vegna þess að hún er ekki í þeim hópi 70% repúblikana sem að trúa því að kosningunum hafi verið stolið eins og þeir kalla það vestanhafs. Það virðist oft sem að þetta sé skyldara trúarbrögðum heldur en stjórnmálaskoðunum. Þarna er fólk sem að trúir því einlæglega að það hafi í rauninni verið framið valdarán. Kosningarnar, hann hafi unnið, sigrað í þessum kosningum og það sé bara vondir menn og konur sem hafi komið í veg fyrir það að hann sé áfram forseti. Og það lokar eyrunum fyrir öllum röksemdum um það að þetta sé því miður, hann bara tapaði kosningunum.

70 prósent repúblikana trúa þessu, sem að manni finnst með ólíkindum vegna þess að það blasir við öllum sem að fylgjast eitthvað með að Donald Trump, hann tapaði þessum kosningum og Joe Biden er rétt kjörinn forseti.

17.11.2022 Heimsmálin

... tóku undir með Donald Trump fyrrverandi forseta að það hefði verið svindl og svínarí við forsetakosningarnar 2020 og það er náttúrlega í rauninni mjög sérkennilegt að í þessu eina elsta lýðræðisríki heims að þá skuli nú vera svo komið að einhver „loddari“ geti komist upp með það að segja að þetta var bara svindl og hafa nákvæmlega ekkert í höndunum.

... því það var ekkert sem bendir til þess að einhver stórkostleg svik hafi verið eða brögð í tafli. Þannig að sko það að stór hluti, kannski þriðjungur eða upp undir helmingur annars af stóru stjórnmálaflokkunum í Bandaríkjunum sé hér lagður undir svona „lygavætting“.

Og það eru líka margir sem segja og benda á að í rauninni hafi kosningarnar í Bandaríkjunum að ákveðnu leyti verið „sigur lýðræðisins“. Joe Biden forseti segir þetta. Ef við tökum svona hlutlausari skýrendur, þá eru þeir margir á sömu skoðun, að þarna hafi „lýðræðið unnið sigur“.

Baldur Þórhallsson á Rúv.is:

29.7.2021 Gefi týpum eins og Trump tækifæri til að grafa undan kerfum.

Þetta er í rauninni mjög mikil breyting frá því sem áður var þegar menn höfðu trú á þeim ríkisstofnunum sem voru til staðar og höfðu trú á að menn gætu leitað réttar síns hjá ákærvaldinu og dómstólum en margir eru að missa þessa trú. Þess vegna er svo mikilvægt að taka á svona málum. „Þetta gefur mönnum eins og Donald Trump tækifæri til að ráðast á opinberar stofnanir, sem eru að reyna að standa sig í stykkinu,“ segir Baldur.

Baldur Þórhallsson á visir.is:

30.9.2021 Pallborðið

Við verðum að passa okkur að fara ekki að ýkja hlutina og tala þannig um þá að það grafi undan trausti á kerfinu í heild sinni.

Við horfðum til dæmis á það í Bandaríkjunum núna í síðustu forsetakosningunum. Síðast þegar ég skoðaði tölur. Í febrúar á þessu ári trúðu ennþá 43% bandaríkjamanna samkvæmt skoðanakönnunum að það hefði verið svindlað í forsetakosningunum, svindlað. Og það hafa engar haldbærar sannanir verið settar, sýnt fram á það. Ekki neinar haldbærar sannanir fyrir því að það hafi verið svindlað, en helmingur þjóðarinnar trúir því.

Ólafur Þ Harðarson:

9.7.2021 Vikulokin

Trump er nú eiginlega svona, svo maður orði það nú á mannamáli. Hann er nú eiginlega sko óheflaður og „illa upplýstur ruddi“.

7.1.2024 Sprengisandur

Í rauninni sko og í Bandaríkjunum erum við náttúrliga með Trump, sem að stendur fyrir sko uppreisnartilraunum, tilraun til valdaráns og hann er verðlaunaður með því að vera lang efstur í herna prófkjörinu hjá repúblikönum.

6.1.2024 Eyjan hlaðvarp

Já, var það, já, já, þetta vissi ég ekki. Það er nú reyndar þó að það sé nú réttilega sagt sko að þegar menn fara að líkja einhverjum nútímamönnum við Hitler þá sé sé nú kannski umræðunni lokið og komin á villigötur, en það er nú samt óþægilega margt sem að er líkt með Trump og hans áherslum, sem eru náttúrliga með fullkomnum ólíkindum, og ógnar í raun lýðræðinu í Bandaríkjunum. Ég hefði aldrei trúað því, þegar ég var yngri, að maður myndi hafa raunverulegar áhyggjur af því að lýðræði í Bandaríkjunum kynni að líða undir lok.

Og það er auðvitað margt í gerðum Trumps og í hans orðfæri sem vekur bara upp hjá manni angist og hræðslu vegna þess að hann talar á köflum, eins og menn hafa nú verið að benda á undanfarið, hann talar bara á svipuðum nótum og nasistar og fasistar gerðu á fjórða áratug síðustu aldar.

„Já, orðræðan er óhuggulega lík og auðvitað er það með fádæmum að maður sem að stjórnar uppreisnartilraun, eins og ég held að sé nú óhætt að segja að árásin á þinghúsið í janúar 2021 hafi verið, það er náttúrliga með fádæmum að slíkur maður enn njóta yfirburðafylgis í sínum flokki, meðal repúblikana, það er okkur eiginlega alveg óskiljanlegt.

Friðjón Friðjónsson:

10.7.2022 Sprengisandur

Ef þú ert kominn með sko herna fólk alls staðar í Bandaríkjunum að það hittir aldrei neinn sem er að kjósa hitt liðið, að þá er svo auðvelt að telja þér trú um að þessar kosningar hljóti að hafa verið svindl. Þú ert að draga svo úr samsagt trúverðugleika kosninga og trúverðugleika lýðræðisins. Það er það sem búið er að vera að gerast á undanförunum misserum, sérstaklega eftir að Trump var kosinn, var að hann hefur aktívt og repúblikanar hafa farið aktívt í það að draga úr trúverðugleika lýðræðisferilsins, og það er það sem er stóra hættan við að Bandaríkin liðist í sundur.

Guðmundur Hálfðánarson:

10.7.2022 Sprengisandur

En í kosningunum síðustu var enginn vafi. Það munaði hvað átta milljónum atkvæða þannig að það var enginn vafi sko. En samt sem áður er haldið áfram.

Óli Björn Kárason:

23.11.2022 Nei takk, herra Trump

Og skapgerð Trumps gerði honum ókleift að sætta sig við ósigurinn. Hann gerði skammarlegar tilraunir til að hnekkja niðurstöðum kosninganna.

Repúblikanaflokkurinn hefur verið í heljargreipum Trumps, sem hefur gert allt til að fá stuðning við ranghugmyndir og lygar um kosningarnar 2020. Hann hefur ýtt undir samsæriskenningar og ofstækismenn ...

Björn Bjarnason:

7.1.2021 Trump sigar skríl á þingmenn

Öll þessi atburðarás sýnir enn og aftur að Donald Trump hugsar aðeins um sjálfan sig.

Donald Trump tapaði fyrir Joe Biden. Trump hefur síðan spunnið lygavef um kosningasvindl.

... flutti Trump ræðu á útifundi undir kjörorðinu *Save America March* þar sem hann hét því að samþykkja aldrei að hafa tapað. „Við förum að þinghúsinu, reynið og blásið þeim í brjóst heiður og hugrekki sem þeir þurfa til að endurheimta land okkar.“

Ömurlegri endalok pólitísku ferils í lýðræðisríki en Trumps eru óhugsandi – að reynast ófær um að viðurkenna ósigur og siga skríl á þá sem sinna lýðræðislegum, stjórnskrárbundnum skyldum.

8.1.2021 Skömm Trumps

Trump nefndi Biden ekki á nafni ávarpi sínu á myndbandinu og hann hefur ekki enn óskað eftirmanni sínum til hamingju með kosningasigurinn. Sálfraeðingar segja hann í hópi þeirra sem geti ekki viðurkennt ósigur.

Hér var sagt í gær að Trump hefði sigað skríl á þinghúsið og risu þá nokkrir upp til andmæla ...

14.1.2021 Trump á lokametrinum

Trump talaði niður til Pence í æsingaræðunni 6. janúar ...

Dáðst er að langlundargeðinu sem Pence hefur sýnt forsetanim ...

Innan flokks repúblikana vilja æ fleiri að allt verði gert til að stjórnmálaþrölli Trumps linni.

11.2.2021 Málsvörn Trumps í molum

Efasemdarmenn um að Trump hafi sigað skríl á þinghúsið ættu að kynna sér það sem lagt er fyrir öldungadeildarþingmenn áður en þeir greiða atkvæði um ákærana.

Skýrendur segja að forsetanum fyrrverandi haldist illa á virtum lögfræðingum því að hann krefjist þess að þeir viðurkenni aldrei, ekki einu sinni í sekúndubrot, að Trump hafi tapað kosningunum 3. nóvember.

14.2.2021 Átök um grunngildi í Washington

Fulltrúadeildarþingmenn demókrata fluttu málið fyrir öldungadeildinni og sýndu á nákvæman og áhrifamikinn hátt hvað gerðist í árásinni á þinghúsið í Washington 6. janúar 2021 og hvernig Trump hefði hvað eftir hvatt til árása á lögmæt yfirvöld landsins með ásökunum um að kosningaúrslitunum 3. nóvember 2020 hefði verið „stolið“.

Hvað sem öðru líður er ljóst að lýðræðislegi öryggisventillinn dugði til að sýna bandarísku þjóðinni og raunar öllum sem fylgdust með umræðunum í öldungadeild Bandaríkjaþings styrk lýðræðisins og réttarríkisins. Hvar annars staðar hefði verið glímt á þennan hátt um grunngildi frjálslyndra lýðræðisríkja?

13.7.2022 Í Trump býr fól

... um sex vikum eftir forsetakosningarnar þar sem Trump tapaði fyrir Joe Biden og hratt síðan af stað áróðurs- og ofríkisherferð til að hnekkja úrslitunum með vísan til þess sem hann taldi kosningasvindl.

Að láta eins og Donald Trump hafi ekki átt hlut að þessari aðför á bandaríska þinginu og bandarískri stjórnskipun er argasta blekking. Hann er öðrum þræði fól.

9.1.2023 Bolsonaro – Trump – Sólveig Anna

Þúsundir stuðningsmanna Jairs Bolsonaros, fyrrverandi forseta Brasilíu, komu saman í opinberri höfuðborg landsins og stjórnarsetri, Brasilíu, sunnudaginn 8. janúar og réðust á þinghúsið, aðsetur hæstaréttar og forsetaskrifstofuna. Þeir héldu því ranglega fram að kosningasigri hefði verið stolið frá Bolsonaro í október þegar Luiz Inácio Lula da Silva, þekktur sem Lula, var kjörinn forseti.

13.7.2023 Trump í CNN-samtali

Hann dró spyrjandann og áheyrendur, sem voru úr hópi repúblikana og óflokksbundinna kjósenda, með sér inn í heim lyga og blekkinga, þar stenst enginn Trump snúning.

3.8.2023 Ófyrirleitni Trumps

Þar er hann sakaður um að hafa ásamt sex öðrum staðið að samsæri árið 2020 til að ógilda kosningarnar sem hann tapaði fyrir Joe Biden.

Frásögnin í skjalinu nær allt fram til 6. janúar og þar segir að þeir sem réðust á þinghúsið hafi gert það vegna „lyga“ ákærðra þegar þeir hvöttu fólk til dáða.

Í skjalinu er lögð áhersla á að lýsa því hvernig ráðherrar í stjórn Trumps, flokksmenn hans og kosningastjórar sögðu honum ítrekað að ásakanir hans um kosningasvindl ættu ekki við nein rök að styðjast. Forsetinn hefði hins vegar haldið áfram að ljúga opinberlega gegn betri vitund.

4.8.2023 Pólitískar lygar

Donald Trump er ákærður fyrir að hafa logið að fólki og með því espað það til árása á þinghúsið í Washington.

Hvenær varð saknæmt fyrir stjórnmálamenn að ljúga að kjósendum? Spurningin á vissulega við rök að styðjast. Svárið við henni getur þó varla leitt sjálfkrafa til þess að kjósendur þyrpist á kjörstað til að veita lygaranum atkvæði sitt. Á þessum einkennilegu tímum er þó ekki unnt að ganga að neinu vísu í þessu efni. Öflug varðstaða um það sem er satt og rétt er nauðsynlegri nú en áður.

18.8.2023 Þá hló Hillary

Fox studdi Trump eindregið 2020 og þar tóku ýmsir undir lygar hans um kosningasvindl til að halda honum frá Hvíta húsinu.

Samúel Karl Ólason fréttamaður á visir.is:

4.1.2021 Tóku Trump upp ef hann segði ósatt frá, sem hann svo gerði

Forsetinn fór ítrekað með fleipur og ósannindi í símtalinu og hlustaði ekkert á Raffensperger og starfsmenn hans þegar þeir reyndu að útskýra fyrir Trump að hann færi með rangt mál og af hverju.

Þrátt fyrir umfangsmikla leit Donalds Trump, fráfarandi forseta Bandaríkjanna, og bandamanna hans að kosningasvindli í fylkiríkjunum í Bandaríkjunum, og ásakanir um að slíkt svindl hafi kostað Trump sigur í forsetakosningunum í byrjun nóvember, hafa tiltölulega fá og umfangslítill tilvik fundist. Örfá hafa leitt til ákæra.

5.2.2021 Framleiðendur kosningavéla stefna á fleiri lögsóknir

Því hefur jafnvel verið haldið fram að um alþjóðlegt samsæri kommúnista væri að ræða. Vert er að benda á að engar sannanir um þetta meinta samsæri hafa litið dagsins ljós.

16.2.2021 Trump og Giuliani kærðir af þingmanni vegna áráðarinnar

Þeir hafi um langt skeið staðhæft við stuðningsmenn forsetans og almenning að kosningunum hafi verið stolið af honum og ýtt undir ofbeldi. Það hafi þeir gert þrátt fyrir að geta ekki fært sannanir fyrir máli sínu og að ásökunum þeirra hafi sífellt verið hafnað af embættismönnum.

1.3.2021 Trump herðir tökin á Repúblikanaflokknum

... og ítrekaði gamlar lygar sínar um að hann hefði í raun unnið kosningarnar í fyrra.

Þá sagði hann að það þyrfti að grípa til aðgerða vegna þessa umfangsmikla kosningasvindls sem hann hefur lengi ranglega haldið fram að hafi kostað sig sigur. Þrátt fyrir að kröfum Trump-liða hafi verið hafnað af tugum dómara, embættismönnum margra ríkja og jafnvel hans eigin ríkisstjórn, staðhæfði Trump að herðar þyrfti reglur og lög varðandi kosningar vegna þessa tilbúnu ásakana.

5.3.2021 Embættismaður og Trump-liði tók þátt í árásinni á þingið

Trump tapaði kosningunni en hefur haldið því fram að umfangsmikið svindl hafi kostað hann sigur. Hann og **bandamenn hans hafa ekki getað fært sannanir fyrir því** og embættismenn, sérfræðingar og aðrir, þar á meðal dómismálaráðherra Trumps, segja ásanirnar innihaldslausar.

17.3.2021 McConnell varar við „sviðinni jörð“ í öldungadeildinni

Þá hafa Repúblikanar á ríkisþingum Bandaríkjanna lagt fram fleiri en 250 frumvörp sem mörg hver byggja á **ósannindum Donalds Trump, fyrrverandi forseta, og stuðningsmanna hans um að umfangsmikið kosningasvindl** hafi kostað hann sigur í forsetakosningunum í nóvember.

20.3.2021 Sagði að án takmarkana á kjörsókn muni Repúblikanar tapa um árabíl

Repúblikanar hafa leitað áherslumála í kjölfar forsetatíðar Trumps og virðast hafa fundið eitt slíkt og segjast vera að vernda heillindi kosninga í Bandaríkjunum.

Aðgerðir þeirra **byggja á þeim ósannindum að umfangsmikið kosningasvindl** í forsetakosningunum í nóvember hafi kostað Donald Trump endurkjör. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og fjölmörg dómsmál hafa Repúblikanar ekki getað fært sannanir fyrir ásökunum sínum og hafa þess í stað byrjað að tala um hve margir kjósendur í Bandaríkjunum beri lítið traust til kosninga þar. Þann skort á trausti má þó rekja **til ósanninda Trumps og bandamanna hans** og er Ted Cruz einn þeirra sem hefur farið ósönnum orðum um framkvæmd forsetakosninganna í fyrra.

12.4.2021 Kallaði McConnell heimskan tíkarson

Trump hefur **ítrekað haldið því ranglega fram að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað hann sigur í kosningunum** og ítrekaði hann það í ræðu sinni á laugardaginn.

16.4.2021 Hollusta við Trump borgar sig

Forsetinn og margir þingmannanna **hafa ranglega haldið því fram að umfangsmikið svindl hafi kostað Trump sigur í kosningunum.**

29.4.2021 Sagði lýðræðið þurfa að sanna sig

Repúblikanar víðsvegar um Bandaríkin vinna nú hörðum höndum að því að gera fólki erfiðara að kjósa á **grundvelli ósanninda Donalds Trump, fyrrverandi forseta, og bandamanna hans um að umfangsmikið svindl** hafi kostað hann ósigur í forsetakosningunum í fyrra.

29.4.2021 Hollusta Óttast að óhefðbundin endurtalning grafi undan trausti

Donald Trump, fyrrverandi forseti, er sagður haldinn þráhyggju fyrir niðurstöðu endurtalningarinnar.

Trump og bandamenn hans í Repúblikanaflokki hafa um margra mánaða skeið haldið uppi **stoðlausum og á köflum framandlegum samsæriskenningum um að stórfelld kosningasvik** hafi kostað hann sigurinn í forsetakosningunum í nóvember. **Engar trúverðugar sannanir hafa verið lagðar fram um það.**

Fyrrverandi forsetinn segi öllum þeim sem heyra vilja að hann hafi í raun unnið sigur í kosningunum sem hann tapaði með fleiri en sjö milljónum atkvæða á landsvísu.

3.5.2021 Innanbúðarfólkið sem varð utangarðs

Nú eru þau bæði undir miklum þrýstingi innan flokksins sem rekja má til mótsþyrnu þeirra gegn Donald Trump, fyrrverandi forseta, og afstöðu til **ósanninda hans og annarra Repúblikana um að Joe Biden hafi unnið forsetakosningarnar í fyrra með umfangsmiklu svindli.**

6.5.2021 Vill embætti Cheney og fylkja Repúblikönum saman um Trump

Cheney hefur verið undir miklum þrýstingi innan flokksins fyrir að taka ekki undir **falsar yfirlýsingar Donalds Trump, fyrrverandi forseta, og bandamanna hans um að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað hann sigur í forsetakosningunum í fyrra.**

11.5.2021 Cheney líklega bolað úr embætti á morgun

Leiðtogar flokksins eru ósáttir við að hún neiti að dreifa **„stóru lyginni“ svokölluðu um að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað Donald Trump, fyrrverandi forseta, sigur í kosningunum í fyrra.**

Þó Cheney hafi ekki viljað það, þá hafa fjölmargir bandamenn Trumps á þingi **dreift stóru lyginni svokölluðu** á undanförunum vikum. Þeirra á meðal Stefanik.

Þrátt fyrir að aðrir leiðtogar flokksins haldi því fram að svo sé ekki, má augljóslega rekja ástæðu þess að verið sé að bola Cheney frá vegna andstöðu hennar við Donald Trump, fyrrverandi forseta, **og ítrekuð og ósönn ummæli hans um að umfangsmikið kosningasvindl hafi átt sér stað í forsetakosningunum í fyrra.**

12.5.2021 Cheney vikið úr embætti:

Í stuttu máli sagt, þá hefur hún neitað að dreifa **þeim ósannindum að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað Trump sigur í forsetakosningunum í fyrra** og segir hún hann bera ábyrgð á árásinni á þinghúsið í janúar.

20.10.2021 Kosningafrumvarp Demókrata stöðvað í þriðja sinn

Fólkið réðst á þingið með því markmiði að koma í veg fyrir formlega staðfestingu úrslita forsetakosninganna í nóvember í fyrra á grundvelli **ítrekaðra ósannra yfirlýsinga Trumps og bandamanna hans um að umfangsmikið kosningasvindl hefði kostað hann sigur.**

30.10.2021 Trump safnar enn fúlgum fjár **á grunni lyga:**

Krókaleiðar þessar byggja þar að auki **á lygum Trumps og bandamanna hans um kosningasvik og spillingu** og það að Trump sé réttmætur forseti Bandaríkjanna.

Þeim fjármunum safnaði hann einnig á grunni **ósanninda um forsetakosningarnar** sem hann tapaði fyrir Joe Biden.

30.12.2021 Repúblikanar vilja stjórna hverjir kjósa og hvernig atkvæði eru talin

Viðleitnin byggir á grunni **ósanninda Donalds Trump, fyrrverandi forseta, um að umfangsmikið svindl hafi kostað hann sigur í forsetakosningunum 2020** gegn Joe Biden.

6.1.2022 Ár frá árásinni á þinghúsið: Tak Trumps á Repúblikanaflokknum hefur aldrei verið þéttara:

Fyrir rúmlega ári síðan hafði Trump gengið hart fram með því markmiði að fá niðurstöðum kosninganna snúið. Það gerði hann að miklu leyti **á grunni lyga um það að umfangsmikið kosningasvindl hefði kostað hann sigur.**

Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar um slíkt **hafa sannanir um svik aldrei litið dagsins ljós** en vegna þeirra og af ötta við að reiða Trump neita margir þingmenn Repúblikanaflokksins að viðurkenna opinberlega að Biden hafi unnið kosningarnar án svindls.

Margir þeirra þingmanna sem greitt hafa atkvæði með því að hefja rannsóknir á atburðum þessa dags eru hættir eða að hætta í flokknum og Trump malar enn gull á **lygum um kosningasvindl.**

6.1.2022 Biden segir Trump ógn við lýðræðið

Þingmennirnir Matt Gaetz og Marjorie Taylor Greene, sem eru bæði ötulir stuðningsmenn Trumps, ætla að halda blaðamannafund í dag vegna athafnar þingsins. Þau hafa bæði lýst því yfir að fólki sem tók þátt í árásinni á þingið hafi verið föðurlandsvinir og hafa þau einnig tekið undir **lygar Trumps um að kosningunum hafi verið stolið af honum með umfangsmiklu kosningasvindli.**

Því hefur Trump ítrekað haldið fram en á einu ári hafa engar vísbendingar litið dagsins ljós sem gefa í skyn að hann hafi rétt fyrir sér.

11.1.2022 Kallar eftir breytingum á þingi og nýjum kosningalögum

Viðleitni þeirra snýr meðal annars að því að gera flokksmeðlimum auðveldara að snúa niðurstöðum kosninga í Bandaríkjunum. Hún byggir á grunni **ósanninda Donalds Trump, fyrrverandi forseta, um að umfangsmikið svindl hafi kostað hann sigur í forsetakosningunum 2020** gegn Joe Biden.

Fólkið réðst á þingið með því markmiði að koma í veg fyrir formlega staðfestingu úrslita forsetakosninganna í nóvember í fyrra á grundvelli **ítrekaðra ósannra yfirlýsinga Trumps og bandamanna hans um að umfangsmikið kosningasvindl hefði kostað hann sigur.**

13.1.2022 Ákærðir fyrstir fyrir uppreisn vegna árásarinnar á þingið
Það var á grunni fjölmargra lyga Trumps og bandamanna hans um að umfangsmikið kosningasvindl hefði kostað hann sigur gegn Joe Biden.

19.8.2022 Tangarhald Trumps á flokknum aldrei þéttara
Frambjóðendur flokksins til áhrifamikilla embætta víðs vegar um Bandaríkin hafa tekið undir lygar Trumps um að kosningasvindl hafi kostað hann sigur í forsetakosningunum 2020.

9.9.2022 Enn bætist á vandræði Trumps
Sjóðurinn var stofnaður í kjölfar þess að Trump tapaði kosningunum gegn Joe Biden árið 2020 og hafa fúlgur fjár safnast í hann á grunni lyga Trumps um að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað hann sigur.

12.9.2022 Ég ætla bara ekkert að fara
... þar sem farið er yfir síðustu daga Trumps í hvíta húsinu og lygar hans um að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað hann sigur í kosningunum.

Forsetinn fyrrverandi hefur safnað fúlgum fjár á grundvelli lyga hans um kosningarnar 2020.

13.10.2022 Bein útsending: Segja Trump enn ógna lýðræðinu í Bandaríkjunum
Frá því hann tapaði kosningunum og jafnvel fyrir kosningarnar hefur Trump ítrekað haldið því fram að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað hann sigur, sem er ekki rétt.

19.10.2022 Hafa áhyggjur af lýðræðinu en setja það ekki í forgang
Það að neita að samþykkja þær niðurstöður er mjög móðins innan Repúblikanaflokksins og þá sérstaklega vegna þess að Donald Trump, fyrrverandi forseti og áhrifamesti maðurinn innan flokksins, beitir sér af hörku gegn öllum þeim sem neita að fylgja lygum hans um forsetakosningarnar 2020.

Sérfræðingar segja ljóst að lygar Trumps og bandamanna hans um kosningasvindl í Bandaríkjunum hafi haft mikil áhrif á trú almennings á kosningakerfið þar í landi.

18.7.2023 Trump með stöðu sakbornings, aftur
Trump hefur lengi logið því að hann hafi unnið kosningarnar og að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað hann sigur.

31.7.2023 Bað eigin sjóð um sextíu milljóna endurgreiðslu
Eftir að Trump tapaði forsetakosningunum 2020 hefur hann safnað fúlgum fjár á grundvelli stoðlausra ásakana um að umfangsmikið kosningasvindl hefði kostað hann sigur.

2.8.2023 Farið yfir ákærana gegn trump: „Sakborningurinn tapaði kosningunum 2020
Trump tapaði fyrir Joe Biden en hefur ítrekað haldið því ranglega fram að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað hann sigur.

„Sakborningurinn tapaði kosningunum 2020,“ segir í ákæruskjalinu. Þá segir að Trump hafi vitað að hann hafi tapað en þrátt fyrir það hafi hann ítrekað logið því að hann hefði í raun unnið. Hann hafi vitað að hann væri að segja ósatt en samt gert það með því markmiði að grafa undan trúverðugleika kosninga í Bandaríkjunum.

Þá segir þar að Trump hafi vitað að fullyrðingar hans væru ósannar. Honum hafi meðal annars oft verið bent á það og þá af hans helstu ráðgjöfum en hann hafi hunsað það og haldið lygunum áfram. Dómstólar víðsvegar um Bandaríkin hafi þar að auki ítrekað neitað ásökunum hans og bandamanna hans.

Einn þeirra er Rudy Giuliani, fyrrverandi einkalögmaður Trumps, sem leiddi um tíma viðleitni forsetans fyrrverandi til að snúa úrslitum kosninganna. Giuliani fór víða um Bandaríkin, dreifði lygum Trumps og

samsæriskeningum um kosningasvindl, auk þess sem hann höfðaði fjölmörg mál sem öllum var vísað frá eða þau töpuðust.

Giuliani varði til að mynda mörgum klukkustundum á fundum með ríkisþingmönnum víða um Bandaríkin þar sem hann varpaði fram fjölmörgum röngum samsæriskeningum um umfangsmikið kosningasvindl.

Í ákærinni segir að samsærismaður 1, Giuliani, hafi verið viljugur til að dreifa þessum lygum þegar formlegir lögmenn framboðs Trumps hafi ekki verið tilbúnir til þess.

Þriðji samsærismaðurinn svokallaði er Sidney Powell. Hún er einnig lögfræðingur og gekk hart fram með stoðlausar yfirlýsingar um kosningasvindl og svik vegna kosninganna.

4.8.2023 Ætlar áfram að einblína á kosningarnar 2020

Þá segja þeir að Trump hafi klárlega vitað að hann væri að dreifa lygum um að kosningasvindl hefði átt sér stað, enda hafi hans helstu ráðgjafar, ráðherrar, dómsmálaráðuneytið og aðrir sagt honum að svo væri.

Tilhugsunin um að Trump ætli að verja kosningabaráttunni í að endursegja ósannindi sín um síðustu kosningar heillar Demókrata mjög og veldur óróa meðal Repúblikana.

Í samtali við Washington Post segja sérfræðingar á báðum vængjum stjórnmála vestanhafs að haldi Trump áfram að ljúga um kosningarnar, muni það koma niður á Repúblikönnum í kosningunum.

Rannsóknir hafa síðan ekki sýnt fram á neins konar kosningasvindl sem gæti hafa kostað Trump sigur.

8.9.2023 Lögðu einnig til að ákæra Lindsay Graham og fleiri

Trump og bandamenn hans hafa þó ítrekað logið því fram að svindl hafi kostað hann sigur, þó endurtalningar hafi sýnt að svo sé ekki og að þeir hafi engar sannanir getað fært fyrir staðhæfingum sínum.

17.10.2023 Bein útsending: Jordan gerir atögu að embætti þingforseta

Einnig eru þingmenn sem eru ósáttir við viðhorf Jordans til kosninganna 2020, en hann hefur stutt Trump dyggilega í þeirri lygi að hann hafi tapað kosningunum vegna umfangsmikils svindls.

Jordan tók einnig virkan þátt í tilraunum Trumps til að snúa úrslitum forsetakosninganna og hefur dreift samsæriskeningum og lygum um kosningarnar.

Kjartan Kjartanson fréttamaður á visir.is:

3.12.2020 Trump bölsótaðist út af kosningaúrslitunum í löngu ávarpi

Donald Trump, fráfari Bandaríkjaforseti, endurtók framaandlegar og stoðlausar ásakanir um stórfelld kosningasvik í forsetakosningum síðasta mánaðar í furðulegu þriggja stundarfjórðunga löngu ávarpi sem hann birti á samfélagsmiðlum í gærkvöldi.

Hann og bandamenn hans hafa haldið fram stoðlausum ásökunum um að stórfelld kosningasvik hafi kostað hann sigurinn. Þeir hafa ekki lagt fram neinar trúverðugar sannanir fyrir þeim ásökunum.

8.4.2021 Sakar Trump um að hafa æst til „blóðugrar uppreisnar“

Trump heldur því enn fram að stórfelld kosningasvik hafi kostað hann endurkjör í forsetakosningunum í nóvember. Engin trúverðug gögn eða sannanir hafa nokkru sinni verið lögð fram fyrir þeim ásökunum þrátt fyrir fjölda málsókna sem framboð fyrrverandi forsetans og repúblikanar höfðuðu.

26.8.2021 Lögmönnum sem reyndu að snúa við kosningaúrslitunum refsað

... slengdi Trump fram stoðlausum ásökunum um að stórfelld svik hefðu kostað hann sigurinn.

29.4.2021 Óttast að óhefðbundin endurtalning grafi undan trausti

Yfirmenn kjörstjórna í Bandaríkjunum óttast að ákvörðun repúblikana í Arizona um að láta telja aftur atkvæði í stærstu sýslu ríkisins frá því í kosningunum í nóvember verði að fordæmi sem grafi undan trú kjúsenda á kosningum í framtíðinni. Donald Trump, fyrrverandi forseti, er sagður haldinn þráhyggju fyrir niðurstöðu endurtalningarinnar. Trump og bandamenn hans í Repúblikanaflokknum hafa um margra mánaða skeið haldið uppi **stoðlausum og á köflum framandlegum samsæriskenningum um að stórfelld kosningasvik** hafi kostað hann sigurinn í forsetakosningunum í nóvember **Engar trúverðugar sannanir hafa verið lagðar fram um það.**

23.11.2021 Lýðræði talið fara hnignandi í Bandaríkjunum í fyrsta sinn

Skýrsluhöfundar vísa til atburða sem áttu sér stað í stjórnartíð Donalds Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseta. Þeir telja að **stoðlausar ásakanir hans um meint svik í forsetakosningunum** í fyrra hafi verið sögulegur vendipunktur en hafi grafið undan trausti á kosningum.

25.5.2022 Hefndarleiðangur Trump í Georgíu misheppnaðist

Trump og bandamenn hans reyndu að hnökkja úrslitunum fyrir dómstólum og með beinum þrýstingi á embættismenn á grundvelli **fjarstæðukenndra samsæriskenninga um að stórfelld kosningasvik hefðu átt sér stað.**

20.6.2022 Efasemdir um kosningar gufuðu upp þegar þeir sigruðu sjálfir

Vantraust á kosningum hefur aukist mikið vestan hafs eftir **samsæriskenningar Trump**, fyrrverandi forseta, og bandamanna hans.

23.6.2022 Húsleitir og stefnur vegna falskra kjörmanna Trump

Trump forseti og stuðningsmenn hans héldu fram **staðlausum ásökunum um að stórfelld kosningasvik hefðu kostað hann sigur í nokkrum ríkjum í forsetakosningunum í nóvember 2020.**

24.6.2022 Vildi að dómsmálaráðuneytið segði kosningarnar spilltar

Linnulaus þrýstingur Trump á dómsmálaráðuneytið til að fá það til að taka undir **stoðlausar ásakanir hans um að stórfelld kosningasvik hefðu verið í tafla í forsetakosningunum** var viðfangsefni fimmta opna fundar þingnefndar fulltrúadeildar Bandaríkjaþings sem rannsakar árás stuðningsmanna Trump á þinghúsið 6. janúar í gær.

Til að renna stoðum undir samsæriskenningar um kosningasvik vildi Trump ólmur að dómsmálaráðuneytið talaði sínu máli.

28.6.2022 Lögðu hald á síma kosningalögmans Trump

Lögmaðurinn var framarlega í flokki þeirra sem héldu á lofti **stoðlausum samsæriskenningum um kosningasvik** og reyndi að fá repúblikana til að koma í veg fyrir að Joe Biden yrði forseti.

19.9.2022 Gefa ekki upp hvort þeir muni sætta sig við kosningaúrslit

Stoðlausar ásakanir Trump fyrrverandi forseta og fylgismanna hans um kosningasvik í forsetakosningunum 2020 beindust að miklu leyti að Georgíu.

6.10.2022 Meirihluti frambjóðenda repúblikana afneitar kosningaúrslitunum

Höfnun eða efasemdir um lögmæti forsetakosninganna árið 2020 hefur orðið að rétttrúnaði innan Repúblikanaflokksins þar sem Donald Trump, fyrrverandi forseti, heldur enn á lofti **stoðlausum samsæriskenningum sínum um að stórfelld svik hafi kostað hann endurkjör.** Þær ásakanir hafa ítrekað verið hraktar.

Hreyfingu **afneitaranna** hefur vaxið ásmegin frekar en hitt, jafnvel eftir að æstur múgur stuðningsmanna Trump réðst á þinghúsið vegna **ranghugmynda um að úrslit forsetakosninganna hefðu verið ólögmæt,** fyrir tveimur árum. Kjósendur í prófkjörum flokksins umbuna þeim frambjóðendum sem haldi áfram að **ljúga um kosningarnar.**

Þessi tilhneiging eigi margt sameiginlegt með valdboðshreyfingum í öðrum ríkjum. Margar þær hreyfingar verði til með ásökunum um stolnar kosningar. Margir þeirra sem halda ósannindunum á lofti viti betur en notfæri sér þau til að ná kjöri.

6.11.2022 Premur forsetum trillað út á lokametrum kosningabaráttunnar Meirihluti frambjóðenda repúblikana til bandaríkjaþings afneitar úrslitum forsetakosninganna árið 2020 á grundvelli lyga Trump um að stórfelld svik hafi átt sér stað.

Trump notaði tækifærið í Pennsylvaníu í gær til að endurtaka stoðlausar ásakanir sínar um kosningasvindl árið 2020 og ýja að því að brögð yrðu í tafla í kosningunum á þriðjudag, að sögn AP-fréttastofunnar.

4.12.2022 Setja ofan í við Trump sem vill víkja stjórnarskránni til hliðar Trump hélt áfram stoðlausum ásökunum sínum um að stórfelld kosningasvik hefðu kostað hann endurkjör í forsetakosningunum árið 2022 ...

15.8.2023 Falskir kjörmenn og lygar kjarninn í málinu gegn Trump Trump, sem hélt því ranglega fram að stórfelld kosningasvik hefðu kostað hann sigur í Georgíu og víðar,

Trump hringdi einnig persónulega í æðstu kjörnu fulltrúa Georgíu sem báru ábyrgð á framkvæmd kosninganna og þrýsti á þá að hjálpa sér að ógilda þúsundir atkvæða á grundvelli falskra ásakana hans um að þau væru ólögleg.

... og fleiri bandamenn Trump settu fram framandlegar samsæriskenningar um hægt væri að nota vélarnar til þess að breyta atkvæðum.

Þrátt fyrir að hátt í þrjú ár séu nú liðin frá kosningunum heldur Trump því enn ranglega fram að svindlað hafi verið á honum í þeim.

30.8.2023 Giuliani ábyrgur fyrir meiðyrðum í garð kosningastarfsmanna Trump, sem er einnig ákærður í því máli, hefur haldið því ranglega fram að stórfelld kosningasvik hafi kostað hann sigur í Georgíu.

8.9.2023 Ráðgjafi Trump dæmdur fyrir að óhlýðnast þinginu Hann tók undir stoðlausar samsæriskenningar repúblikana um að stórfelld kosningasvik hefðu kostað Trump endurkjör í forsetakosningunum 2020.

Kristján Kristjánsson blaðamaður á DV:

20.1.2021 Trump sagður ætla að náða Steve Bannon ... því Bannon hefur verið iðinn við að kynda undir tilhæfulausar samsæriskenningar Trump um að rangt hafi verið haft við í forsetakosningunum í nóvember.

29.1.2021 Ný kenning – Þennan dag verður Trump forseti á nýjan leik Það er löngu ljóst að Joe Biden sigraði í forsetakosningunum í nóvember og hann var settur í embætti 20. janúar en milljónir stuðningsmanna Trump og margir Repúblikanar neita enn að viðurkenna að Trump hafi tapað. Að mati hörðustu stuðningsmanna Trump þá er hann „réttmætur sigurvegari“ kosninganna og telja þeir að rangt hafi verið haft við í mörgum ríkjum. Eitthvað sem Trump hefur margoft haldið fram án þess þó að geta lagt fram sannanir máli sínu til stuðnings.

17.2.2021 Trump ræðst harkalega gegn Mitch McConnell Trump segir í yfirlýsingunni að vanhæfni McConnell hafi átt þátt í að Repúblikanar misstu meirihluta sinn í öldungadeildinni og að ekki var tekið undir stoðlausar fullyrðingar Trump um kosningasvindl í forsetakosningunum í nóvember.

19.10.2021 Óttast að Trump muni eyðileggja kosningarnar

Hann styður þá frambjóðendur sem eru honum trúir og tryggir og taka undir staðlauser áðakanir hans um kosningasvik í forsetakosningunum á síðasta ári en ef frambjóðendur voga sér að vera honum ósammála fá þeir að finna fyrir reiði hans.

Hann heldur því stalt og stöðugt fram að víðtækt kosningasvindl hafi átt sér stað en hefur ekki getað fært neinar sannanir fyrir því, þvert á móti hafa dómstólar hafnað málalíðúnaði hans og stuðningsmanna hans varðandi þetta.

19.10.2021 Nýjar upplýsingar um víðbrögð Trump víð áráðinni á þinghúsið

... er Trump sagður hafa svarað honum og átti þar víð ósannar fullyrðingar hans um að umfangsmikið kosningasvindl hafi kostað hann sigur í forsetakosningunum.

22.11.2021 Donald Trump er í hefndarhug gegn flokksbróður sínum í Georgíu

Hann hefur ekki viljað sætta sig víð niðurstöðurnar og hefur ítrekað sett fram ósannar fullyrðingar og samsæriskenningar um að rangt hafi verið haft víð í kosningunum.

30.12.2021 Ótrúlegar fullyrðingar Trump voru ekki réttar

Donald Trump, fyrrum Bandaríkjaforseti, hafði rétt fyrir sér þegar hann hélt því fram að atkvæði látns fólks hefðu ratað í kjörkassana í forsetakosningunum 2020. En fjöldi slíkra atkvæða var hins vegar víðs fjarri því að vera jafnmikill og hann hélt fram. Hann sagði að atkvæði hefðu verið greidd fyrir 5.000 látna kjósendur í Georgíu en sá fjöldi er víðs fjarri því sem rétt er. Rétt er að fjögur slík atkvæði voru greidd. Samkvæmt frétt The Guardian þá staðfestu embættismenn í Georgíu að atkvæði hafi verið greidd fyrir fjóra látna kjósendur í forsetakosningunum 2020.

9.1.2022 Óttast að borgarastýrjöld sé yfirvofandi í Bandaríkjunum

Allar götur síðan hefur Trump haldið því fram að víðtækt kosningasvindl hafi kostað hann sigurinn en þessar fullyrðingar eru með öllu staðlauser og hafa rúmlega 40 dómstólar vísað þeim á bug.

Aðrar dreifa samsæriskenningum eins og enginn sé morgundagurinn, þær gera lygi að sannleika og hefur tekist að snúa mörgum til öfgahyggiu. Þessa öfgahyggiu kyndir Donald Trump síðan undir.

Hann heldur áfram að dreifa samsæriskenningum og lygum um kosningasvindl. Þessar lygar hans og samsæriskenningar hafa náð góðri fótfestu innan flokksins en samkvæmt niðurstöðum nýlegrar könnunar YouGov þá telja 71% kjósenda Repúblikanaflokksina að kosningasvindl hafi kostað Trump sigurinn og að Biden sé ekki réttkjörinn forseti.

Reiknað er með að þessar staðlausu samsæriskenningar og lygar verði kjarninn í kosningabaráttu Repúblikana fyrir þingkosningarnar í haust og að Trump muni hamra á þessu ef hann sækist eftir forsetaembættinu á nýjan leik.

Valdaránstílaunin á síðasta ári hefur aðeins orðið til þess að styrkja stóran hóp stuðningsmanna Trump í trú sinni en þetta er hópur sem hafnar staðreyndum og lýðræði.

17.1.2022 “Hann segir alltaf satt”

Trump breytti ekki út af vananum og hélt áfram að segja ósatt um úrslit forsetakosninganna í nóvember 2020 sem hann tapaði fyrir Joe Biden.

Trump hefur ítrekað haldið því fram að víðtækt kosningasvindl hafi átt sér stað en því hafa dómstólar vísað á bug sem og kjörstjórnir víða um Bandaríkin. En hann virðist eiga erfitt með að sætta sig víð að hafa tapað og heldur því lygum sínum áfram.

Heimir Hannesson á DV:

9.1.2021 66 Daga martröð lokið í Bandaríkjunum

Þess í stað fór forsetinn af stað í bírafna herferð gegn lögmæti kosninganna þar sem hann varpaði fram alvarlegum ásökunum án nokkurra sannana um svindl, talningamistök, horfin atkvæði, dauða kjósendur.

RÚV:

1.3.2021 Trump skaut á Biden og samflokksmenn í gær ... og fjöldi ræðumanna hélt þeirri staðlausu fullyrðingu fram að svindlað hafi verið á Trump í kosningunum.

29.7.2023 Trump ætlar að gjörsigra Biden

Donald Trump fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, segist ætla að gjörsigra Joe Biden í næstu forsetakosningum. Hann heldur því enn fram að niðurstöðum síðustu kosninga hafi verið hagrætt.

Trump heldur áfram að fullyrða að niðurstöðum forsetakosninganna 2020 hafi verið hagrætt - þrátt fyrir engar sannanir um það. Hann segist ekki ætla að leyfa þeim að komast upp með svindl í þeim næstu, sem fara fram á næsta ári.

Mbl:

19.1.2021 Krefjast vitnisburðar Giuliani

Árás stuðningsmanna Trumps á þinghúsið þann 6. janúar í fyrra var innblásin af þessum fölsku yfirlýsingum Trumps, Giuliani, Ellis, Powells, Epshteyn og fleira fólks.

Reykjavíkurbréf:

18.2.2022 Reykjavíkurbréf

Allmörg dæmi voru um það að þegar þessum heimaatkvæðum var sturtað í talningarvélar, skiluðu þær úr sér tölum þar sem þúsundir atkvæða féllu á Biden frambjóðanda á meðan EKKERT féll á mótframbjóðanda hans. Bréfitari er ekki sérfræðingur í líkindareikningi, en hann gæti ímyndað sér að líkurnar á slíku væru svipaðar þeim, að tvö hundruð rauðhærðir menn í Hveragerði skiptu með sér fyrsta vinningi í Euro-Jackpot, en enginn vinningur félli til ljóshærðra miðaeigenda í Þýskalandi.

21.4.2023 Reykjavíkurbréf

Lengi hefur verið deilt um kosningar í Bandaríkjunum. Þær hafa lengi verið brogaðar mjög, þótt trúlegt sé að það hafi eitthvað lagast með árunum.